

228. fundur, 20.nóvember 2004

Boðað var til fundarins, sem er aukafundur, með svofelldri dagskrá:

1) Fundargerð skipulags-, bygginga. og hafnarnefndar Reykhólahrepps frá 18. nóvember 2004.

2) Önnur mál.

Fundurinn var haldinn að ósk húsbyggjanda á Reykhólum sem fékk teikningar að nýju íbúðarhúsi samþykktar á fundi byggingarnefndar, en getur ekki hafist handa fyrr en hreppsnefnd hefur samþykkt fundargerðina.

Fundurinn var settur kl. 11:30 Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð. Oddviti las upp dagskrá og spurði hvort einhver önnur mál væru. Sveitarstjóri sagðist vera með mál sem tengdust minningarsjóði Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur. Enn fremur mál sem tengjast launagreiðslum til kennara að verkfalli loknu.

1) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar Reykhólahrepps frá 18. nóvember 2004. Rætt um úthlutun byggingarlóða úr Reykhólajörð sem er ríkisieign. Sveitarstjóra falið að ræða málið við landbúnaðarráðuneyti.

1.liður: Búið er að gera deiliskipulag fyrir fjögur parhús á Reykhólum. Þar er gert ráð fyrir að þau hús standi við Grettiströð. Byggingarnefnd bendir á að e.t.v. sé rökréttara að botnlanginn sem þau hús standa við beri annað nafn. Málinu frestað til næsta fundar. 1.liður samþykktur að öðru leyti.

2.liður. Samþykktur. Hreppsnefnd bendir þó á að það hús sem stendur til að byggja á lóðinni nr. 48 við Hellisbraut henti að mörgu leyti betur að byggt verði á lóðinni nr. 54 við Hellisbraut sem er við hliðina á lóðinni nr. 48. Þetta miðast við að húsinu verði snúið um 180 gráður og stendur þá húsið betur miðað við ríkjandi vindátt og sólarátt.

3.liður. Gatnagerðargjald á Reykhólum. Gjaldskrá um gatnagerðargjald er í vinnslu hjá byggingarnefndinni.

Önnur mál:

a) Minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra nýlega að kanna möguleika á að leggja sjóðinn niður. Samkvæmt ábendingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis þarf atbeina sóknarprests Staðarprestakalls sem hefur á höndum stjórn sjóðsins ásamt hreppsnefnd. Sveitarstjóra falið að afla samþykkis sóknarprests.

b) Rætt um launauppgjör til kennara eftir verkfall.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)